

Stjórn Vorstehdeildar fagnar því að hafin sé sú vinna sem miðar að því að settar verði siðareglur fyrir dómara, þeim og þátttakendum til verndar.

Það staðfestir enn og aftur hversu mikilvægt það er fyrir HRFI að hafa sterkar deildir eins og Vorstehdeild í félaginu, en deildin hefur í gegnum árin bent á, og beitt sér fyrir hinum ýmsu málum sem þykja sjálfsgöð og eðlileg í dag, þótt stundum hafi þurft mikla eftirfylgni til að koma þeim í gegn.

En stjórn Vorstehdeildar gerir samt alvarlegar athugasemdir við að „dómararáð“ skuli koma að þeirri vinnu að gera reglur um „dómararáðið“ þ.e. sjáft sig.

Síðast þegar stjórn deildarinnar vissi þá var dómararáð ekki til, heldur óklárað dæmi sem lítið er vitað um. Hefur dómararáð verið stofnað ?, og ef svo er, hvenær var það stofnað?

Engu að síður hlýtur stjórn HRFI að vera sammála stjórn Vorstehdeildar, að óhæft sé eins og áður sagði að dómara komi að tilbúningi reglna um sjálfa sig.

En hvað er átt við með eftirfarandi?

„Á borði stjórnar liggja núna fyrir drög að dómararáðsreglum og þar verða innlimaðar siðareglur byggðar á norsku reglunum að ykkar ósk“

Er þarna hugsanlega verið að halda því opnu að íslensku dómara geti gert breytingar í ferlinu þegar þeim þykir henta svo?

Ef átt er við að norsku reglurnar verði þýddar og teknar upp óbreyttar eins og þær eru og færðar yfir á íslensku dómara samþykkir stjórn Vorstehdeildar það einróma.

Ef stofna á dómararáð og reglur gera reglur fyrir það, hlýtur að þurfa að kynna það og þær reglur áður fyrir öllum fuglahundadeildunum til samþykktar eða synjunar.

Kveðja. Stjórn Vorstehdeildar HRFI

Birgir Örn Arnarson formaður

Sigríður Oddný Hrólfsdóttir varaformaður

Guðmundur Pétursson gjaldkeri

Eydís Gréta Guðbrandsdóttir gagnavörður

Hlynur Þór Haraldsson ritari